

REGLUGERÐ

um tímabundna endurgreiðslu 2/3 hluta virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða.

Gildissvið.

1. gr.

Eftir ákvæðum reglugerðar þessarar geta þeir sem leyfi hafa til fólksflutninga í atvinnuskyni samkvæmt lögum nr. 73/2001, um fólksflutninga og farmflutninga á landi, fengið endurgreidda 2/3 hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða og almenningsvagna á tímabilinu frá 1. janúar 2011 til og með 31. desember ~~2011~~ 2012.

Skilyrði fyrir endurgreiðslu.

2. gr.

Endurgreiðsluheimild skv. 1. gr. er bundin við ökutæki sem nýskráð eru á tímabilinu 1. janúar 2011 til og með 31. desember ~~2011~~ 2012. Með hópferðabifreiðum er átt við ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólksflutninga og eru skráð fyrir 18 manns eða fleiri að meðtöldum öikumanni og búin aflvélum samkvæmt EURO 5 staðli ESB.

Endurgreiðslubeiðni.

3. gr.

Sækja skal um endurgreiðslu til tollstjórans í Reykjavík á sérstökum eyðublöðum í því formi sem tollstjórinn í Reykjavík ákveður.

Með umsókn skulu fylgja gögn sem sýni fram á að krafa 2. gr. reglugerðar þessarar um aflvél samkvæmt EURO 5 staðli ESB, eða sambærilega aflvél, sé uppfyllt.

Með umsókn skal fylgja frumrit sölureiknings eða greiðsluskjal frá tollyfirvöldum þar sem virðisaukaskattur af kaupverði kemur sérstaklega fram. Þessi skjöl skal stimpla við endurgreiðslu og endursenda umsækjanda að lokinni afgreiðslu.

Þegar um leigu er að ræða skal afrit af leigusamningi fylgja með umsókn. Jafnframt skulu fylgja frumrit sölureikninga þar sem virðisaukaskattur af leigugjaldi kemur sérstaklega fram. Þessi skjöl skal stimpla við endurgreiðslu og endursenda umsækjanda að lokinni afgreiðslu.

Sölureikningar skulu uppfylla form- og efniskröfur skv. II. kafla reglugerðar nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

Réttur til endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari fellur niður ef umsókn um endurgreiðslu berst tollstjóranum í Reykjavík eftir að sex ár eru liðin frá því að réttur til endurgreiðslu stofnaðist.

Afgreiðsla á umsóknum.

4. gr.

Tollstjórinn í Reykjavík afgreiðir beiðnir um endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari. Hann skal rannsaka endurgreiðslubeiðni og getur í því sambandi krafð umsækjanda og viðsemjanda hans nánari skýringa á viðskiptunum.

Tollstjórinn í Reykjavík annast endurgreiðslu.

5. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna, svo og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá endurgreiðslu á virðisaukaskatti samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, varðar við 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett-er með heimild í lögum nr. 1. 72/2005, mgr. um 49. breyting gr. á lögum um virðisaukaskatt laga nr. 50/1988, með síðari breytingum, kemur og í ákvæði stað til reglugerðar bráðabirgða, X, við lög nr. 540 50/2001 1988, um tímabundna endurgreiðslu 2/3 hluta virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu hópféðabifreiða virðisaukaskatt, með síðari breytingum -, Reglugerð þessi og öðlast þegar gildi.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.